

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2009 í máli nr. S-302/2009:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi)

gegn

Sigurjóni G Halldórssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Ár 2009, mánudaginn 21. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 302/2009: Ákærvaldið gegn Sigurjóni G. Halldórssyni, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, útgefinni 24. mars 2009, á hendur ákærða Sigurjóni G. Halldórssyni, kt. 000000-0000, Hvammsgerði 1, Reykjavík, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahlutafélagsins Karbo, kennitala 000000-0000, sem ákærði Sigurjón var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður fyrir, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir hönd félagsins vegna uppgjörstímabilsins nóvember-desember 2004 og eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna janúar-febrúar og maí til og með desember 2005, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 17.487.451, sem sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil:	Vangoldinn VSK		á	
Árið 2004			eindaga:	

		nóvember - desember			kr.	12.440.659
	kr.			12.440.659		
Árið 2005						
		janúar - febrúar			kr.	3.192.354
maí - júní	kr.			1.533.676		
		júlí - ágúst			kr.	189.278
september - október	kr.			12.625		
		nóvember - desember			kr.	118.859
	kr.			5.046.792		
Samtals:	kr.			17.487.451		

2. Eigi staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna tímabilanna maí, júní og júlí 2005, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna sömu tímabila, samtals að fjárhæð kr. 2.103.773, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>	Árið 2005				
maí					kr.	940.567
		júní		kr.	725.247	
júlí					kr.	437.959
		Samtals:		kr.	2.103.773	

Framangreind brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið ákæru.

b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins óskaði sækjandi eftir því að breyta 1. ákærulið á þann veg að samtala í verknaðarlýsingu 1. töluliðar ákæru verði „samtals að fjárhæð kr. 13.274.631“, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vangoldinn VSK</i>		<i>á eindaga:</i>			
Árið 2004						
		nóvember - desember			kr.	9.555.906
	kr.			9.555.906		
Árið 2005						
		janúar - febrúar			kr.	3.192.354
maí - júní	kr.			655.352		
		júlí - ágúst			kr.	102.289
september - október	kr.			-165.546		
		nóvember - desember			kr.	-65.724
	kr.			3.718.725		
Samtals:	kr.			13.274.631		

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa, sem jafnframt verði skilorðsbundin. Loks krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Með bréfi til ríkislögreglustjóra, dagsettu 13. mars 2008, vísaði skattrannsóknarstjóri ríkisins máli ákærða til opinberrar rannsóknar vegna meintra brota á ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og um virðisaukaskatt og eftir atvikum almennum hegningarlögum, sem framin hefðu verið við rekstur einkahlutafélagsins Karbo. Bú Karbo ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 3. maí 2007 og lauk skiptum 20. september það ár. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra var skráður tilgangur félagsins rekstur smásölu, heildsölu, rekstur og leiga tækja, verktakastarfsemi, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur. Var ákærði skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Rannsókn skattrannsóknarstjóra leiddi í ljós að vanrækt hefði verið að standa skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna félagsins fyrir greiðslutímabilin maí, júní og júlí 2005 og innheimtum virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilanna nóvember-desember 2004 og janúar-febrúar, maí-júní, júlí-ágúst, september-október og nóvember-desember 2005. Jafnframt að vanrækt hefði verið að standa skil á staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum vegna framangreindra tímabila á lögmæltum tíma.

Ákærði gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 26. nóvember 2007. Var hann þá m.a. spurður hvort bókhald félagsins hefði verið fært. Svaraði ákærði því til að bókhaldið hefði verið hjá bókhaldsstofunni Stemmu ehf., en „það hefði ekkert verið gert í því þar“. Hann hefði því tekið bókhaldið þaðan og farið með það til EKS endurskoðunar ehf. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra kemur fram að óskað hefði verið eftir því að afhentir yrðu uppgjörreikningar virðisaukaskatts úr færðu bókhaldi og launabókhald vegna þeirra tímabila sem rannsóknin tók til. Upplýsingar úr bókhaldinu hvað varðar skuldunauta félagsins hefðu verði afhentar, en ekki annað sem beðið var um. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra kom fram hjá ákærða að staðgreiðsluskilagreinar væru byggðar á vinnuskýrslum og launaseðlum félagsins og teldi hann þær gefa rétta mynd af launagreiðslum þess. Laun hefðu alltaf verið í forgangi hjá félaginu og hefðu alltaf verið greidd á réttum tíma. Sagði ákærði jafnframt að virðisaukaskattsskýrslur og samanburðar- og leiðréttingarskýrslur væru byggðar á bókhaldi félagsins og teldi hann þær gefa rétta mynd af rekstrinum.

Í skýrslu skattrannsóknarstjóra er rakið að rannsókn á vangoldinni staðgreiðslu félagsins hafi einkum grundvallast á innsendum staðgreiðsluskilagreinum og sundurliðunum, tekjubókhaldi ríkisins og fyrrgreindri skýrslu ákærða. Þá hafi rannsókn á vangoldnum virðisaukaskatti einkum grundvallast á innsendum virðisaukaskattsskýrslum, samanburðar- og leiðréttingarskýrslum virðisaukaskatts, tekjubókhaldi ríkissjóðs, skýrslu ákærða og upplýsingum úr bókhaldi um stöðu skuldunauta félagsins. Fylgja gögnin skýrslunni.

Ákærði var yfirheyrður hjá ríkislögrelustjóra 12. febrúar 2009. Sagðist hann bera á því ábyrgð að skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskattsskýrslum hefði ekki verið skilað eða ekki skilað á lögmæltum tíma. Þá sagðist ákærði ekki rengja tölulegar niðurstöður varðandi afdregna staðgreiðslu sem ekki hefði verið staðið skil á og vangoldinn virðisaukaskatt. Lagt var fyrir ákærða yfirlit yfir 22 kröfur sem hefðu mögulega tapast í rekstri félagsins. Sagðist ákærði geta staðfest að umræddar kröfur hefðu tapast og væri það ástæða þess að ekki hefði verið unnt að greiða þær skattaskuldir sem um ræðir.

Við meðferð málsins fyrir dómi neitaði ákærði sök. Sagðist hann telja tölulegan grundvöll ákæru vera rangan og að bókhaldsgögn sýndu fram á það. Lagði ákærði fram gögn að því er varðar frekari innskatt og ætlaðar tapaðar kröfur, sem ákærandi tók tillit til og var bókað um breytingar á ákæru þar að lútandi, sem að ofan greinir.

Við aðalmeðferð málsins hafnaði ákærði því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir hönd félagsins eða að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum á lögmæltum tíma svo sem lýst er í 1. ákærulið. Þá hafnaði ákærði því að hafa ekki staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma, svo sem greinir í 2. ákærulið. Sagðist ákærði ekki draga í efa að vanhöld hefðu verið á skilum á skýrslum og skilagreinum eins og lýst væri í ákæru. Hins vegar hefði hann fengið bókhaldsstofuna Stemma til að vinna þessi gögn og standa skil á þeim. Sagðist ákærði vera lesblindur og því ekki fær um að annast þessa vinnu sjálfur. Þá gerði ákærði athugasemdir við efni skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu. Sagðist hann ekki hafa getað tekið afstöðu til gagna sem lögregla bar undir hann við skýrslutökuna vegna lesblindunnar. Af sömu ástæðu hefði hann ekki getað lesið skýrsluna yfir áður en hann undirritaði hana.

Vitnið Þórkatla Ragnarsdóttir sagðist hafa starfað á skrifstofu félagsins. Hefði hún m.a. skráð tímaskýrslur starfsmanna. Hún hefði ekkert komið nálægt færslu bókhalds. Vitnið kannaðist við að hafa undirritað virðisaukaskattsskýrslur og leiðréttingarskýrslu vegna virðisaukaskatts sem eru meðal gagna málsins. Hefðu skýrslurnar verið unnar af bókhaldsstofu og byggðar á gögnum sem bókhaldsstofan hefði haft undir höndum. Þá kannaðist vitnið við að hafa undirritað skilagreinar vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og sagðist gera ráð fyrir því að þær byggðu á gögnum um greidd laun hjá félaginu.

Vitnið Sævar Gestur Jónsson, starfsmaður bókhaldsstofunnar Endurskoðun og reikningsskil, gerði grein fyrir yfirlitum sem hann vann fyrir ákærða og lögð voru fram í málinu um ætlaðan vantalin innskatt og tapaðar kröfur. Varðandi lista um ætlaðar tapaðar kröfur sagði vitnið að Þórkatla Ragnarsdóttur hefði afhent sér möppu með afritum reikninga sem gefnir hefðu verið út af félaginu og talið væri að myndu ekki innheimtast eða að von væri á reikningum frá sömu aðilum á móti. Sagðist vitnið hafa listað þessar kröfur upp, en sjálfur hefði hann enga afstöðu tekið til þess hvort um raunverulega tapaðar kröfur væri að ræða eða ekki. Hann hefði ekki kannað það sem slíkt.

Niðurstaða

Ákæruliður 1

Ákærði hefur hvorki borið brígdur á að virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd félagsins hafi ýmist ekki verið skilað eða ekki skilað á lögmæltum tíma né að vanhöld hafi verið á skilum á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri félagsins á því tímabili sem í ákæru greinir. Hann neitar hins vegar sök og hefur annars vegar vísað á starfsmenn bókhaldsstofu, sem hann segir að hafi borið ábyrgð á því að annast skýrslugerð til skattýfirvalda. Hins vegar hefur ákærði véfengt tölulegan hluta ákæru, sem hann segir ekki grundvallast af bókhaldi félagsins.

Óumdeilt er að ákærði var skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins á þeim tíma sem um ræðir, eins og gögn málsins bera með sér. Samkvæmt 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 bar ákærða því skylda til að annast um að starfsemi félagsins væri í réttu horfi og jafnframt að fylgjast með og tryggja að félagið innti af hendi lögboðin gjöld og stæði skil á skýrslum og skilagreinum til skattýfirvalda, svo sem lög gera ráð fyrir. Er hafnað vörn ákærða sem felst í því að vísa um ábyrgð á aðra.

Að framan var reifað hvaða gögn lágu til grundvallar rannsókn skattrannsóknarstjóra á virðisaukaskattsskilum félagsins, en ákæra styðst við niðurstöður þeirrar rannsóknar. Við meðferð málsins fyrir dómi lagði ákærði fram gögn um frekari innskatt og ætlaðar tapaðar kröfur, sem ákærandi tók tillit til og var bókað um breytingar á 1. ákærulið þar að lútandi. Var niðurstaða ákæruvaldsins sú að lækka skyldi áður reiknaðan skilaskyldan höfuðstól vangoldins virðisaukaskatts um þá fjárhæð sem nemur vanreiknuðum innskatti samkvæmt yfirlitum sem ákærði lagði fram. Hafa kröfur ákærða því verið teknar til greina að fullu. Með vísan til þessa, og gagna málsins að öðru leyti, verður ákærði sakfelldur samkvæmt 1. ákærulið, svo sem ákæru hefur verið breytt, og telst háttsemi hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður 2

Ákærði neitar sök og ber því í fyrsta lagi við að hann hafi ekki borið ábyrgð á því að ekki hafi verið staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma á því tímabili sem í ákæru greinir, þar sem hann hafi falið starfsmönnum bókhaldsstofu að annast skýrslugerð til skattýfirvalda. Með vísan til þess sem rakið er hér að framan er vörn ákærða að þessu leyti hafnað.

Ákærði ber ekki á móti því að ekki hafi verið staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna, svo sem rakið er í ákæru. Hann hefur hins vegar véfengt tölulegan hluta þessa ákæruliðar þar sem ófullnægjandi gögn hafi að hans mati legið til grundvallar rannsókn skattrannsóknarstjóra. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði því jafnframt við að hann hefði ekki verið fær um að taka afstöðu til gagna sem lögregla bar undir hann við skýrslutöku þar sem hann væri lesblindur.

Að framan eru rakin þau gögn sem rannsókn skattrannsóknarstjóra grundvallaðist á. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra var bókað eftir ákærða að

staðgreiðsluskilagreinar, sem liggja frammi í málinu væru byggðar á vinnuskýrslum og launaseðlum félagsins og teldi hann þær gefa rétta mynd af launagreiðslum þess. Sagði ákærði að laun hefðu alltaf haft forgang hjá félaginu og hefðu alltaf verið greidd á réttum tíma. Við skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra var bókað eftir ákærða að hann rengdi ekki tölulegar niðurstöður rannsóknarinnar varðandi afdregna staðgreiðslu. Skilagreinar sem um ræðir eru undirritaðar af Þórkötlu Ragnarsdóttur og sagðist hún fyrir dómnum gera ráð fyrir því að þær byggðu á gögnum um greidd laun hjá félaginu. Hefur ákærði ekki bent á neitt því til stuðnings að vangoldin staðgreiðsla kunni að vera oftalin samkvæmt þessum ákærulið. Verður mótbárum ákærða á þessum grundvelli hafnað, enda eru þær örökstuddar.

Samkvæmt framansögðu, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, telst sannað að ákærði hafi framið þau brot sem rakin eru í 2. ákærulið. Hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í janúar 1970. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsingu í málinu. Í máli þessu er ákærði sakfelldur fyrir stórfelld brot gegn skattalögum vegna reksturs einkahlutafélags síns. Verður refsing tiltekin samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt gögnum málsins voru 3.549.145 krónur greiddar inn á virðisaukaskattsskuld félagsins fyrir eða eftir eindaga. Þá kemur til frádráttar virðisaukaskattur af ætluðum töpuðum kröfum félagsins. Er við það miðað að skuldunautur hafi verið úrskurðaður gjaldþrota eða að fyrir liggja að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá skuldara. Upphaflega leiddi rannsókn ríkislögreglustjóra í ljós að um væri að ræða 22 tapaðar kröfur í málinu og nam afreiknaður virðisaukaskattur af fjárhæð þeirra 2.272.291 krónu. Við meðferð málsins fyrir dómi lagði ákærði fram yfirlit yfir frekari kröfur sem hann taldi vera tapaðar. Að virtu ofangreindu viðmiði teljast 14 kröfur vera tapaðar til viðbótar því sem áður var talið, en afreiknaður virðisaukaskattur af þeim nam 214.973 krónum. Verður því tekið tillit til þess við ákvörðun sektarrefsingar ákærða að virðisaukaskattur af töpuðum kröfum nemi 2.487.264 krónum. Samkvæmt framansögðu telst ákærði hafa staðið skil á verulegum hluta vanskilafjárhæðar virðisaukaskatts vegna tímabilsins nóvember-desember 2004, eða samtals 6.036.409 krónum. Verður sektarfjárhæð vegna þessa tímabils færð niður úr lágmarki samkvæmt heimild í 2. málslið 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. lög nr. 134/2005 og fésekt ákveðin 10 % af vanskilafjárhæð. Að öðru leyti verður sektarrefsing ákveðin með hliðsjón af lögbundnu refsilágmarki svo að nemi tvöfaldri vanskilafjárhæð, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Verður ákærði dæmdur til að greiða 13.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs og komi fjögurra mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 311.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi.

Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón G. Halldórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 13.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi fjögurra mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, 311.250 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir